

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps greiðist af sveitar sjóði. Þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphreinsunargjald í sérstakri gjaldskrá sem staðfestist af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og innheimtist með fasteignagjöldum. Slíkt gjald má aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar, skal hann koma slíkri kvörtun til hreppsnefndar Stöðvarhrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem gangast þá í því að úr verði bætt. Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Stöðvarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Stöðvarhreppi árið 1990.

1. gr.

Upphæð sorphreinsunargjalds í Stöðvarhreppi fyrir árið 1990 skal vera kr. 3 500, sbr. 7. gr. samþykktar um sorphreinsun nr. 51/1990.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. janúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.